



HVAÐ ER HEIMSPEKI ÁGÚST – SEPTEMBER 2007

Fyrsta hugflæði nemenda:

- Pæla í hlutunum, heyra mismunandi skoðanir á ýmsu
- Pælingar, læra að koma fram, segja sínar skoðanir, umræður, gagnrýni
- Heimspeki er fræðigreinin sem byggist mikið upp á samræðum og sjálfstæðum skoðunum
- Í mínum huga er heimspeki bara fræðigreinin þar sem allskonar fólk ræðir allskonar hugsanir og hugmyndir um ákveðna hluti og veltir mikið fyrir sér
- Spekingar um heiminn
- Það er gagnrýnin hugsun, eða að spá í eitthvað
- heimspeki er þegar eitt málefni er tekið og talað um efnið
- Opnari fyrir samræðum, geta verið betri
- Heimspeki eru pælingar fólks um eitthvert umræðuefni eða hluti
- Heimspeki er sú fræðigreinin / sá hugsunarháttur sem veltir fyrir sér hlutunum meira en venjulega (dæmi: „Hver er tilgangur lífsins, hænna eða eggjð, af hverju er vatnið blautt“)
- Spurningarflóð
- Heimspeki er mikil hugsun og gengur eiginlega útá það að pæla í hlutunum og fá nýjar og góðar skoðanir á viðfangsefninu
- Heimspeki er hugsun og pæling og viðfangsefni sem mikið hægt er að tala um og velta fyrir sér

Spurningar eftir lestur kaflans:

- Sá sem er heimspekingur: er það vinnan hans eða gerir hann eitthvað annað? (Birna)
- Hvað gerir heimspekingur? (Kjartan)
- Eru þeir að vinna sem heimspekingar? (Siggi)
- Hvað skilgreinir heimspeking? (Kalli)
- Lýsingin á heimspekingnum á bls. 1 – ég er sammála! (Telma)
- Hvernig er að lifa í filabeinsturninum? Hvernig líður heimspekingnum þar? (Auður)
- Hver hefur rétt fyrir sér? (Hans)

Sá sem er heimspekingur: er það vinnan hans eða gerir hann eitthvað annað? (Samræða í tíma föstudaginn 31. ágúst)

- Hvað gera heimspekingar?
- Þeir kenna heimspeki og skrifa heimspekibækur og greinar. En þetta dugar ekki til að fá inn næga peninga til að sjá fyrir sér. Þannig að þeir verða að vinna líka við eitthvað annað. Heimspekin er því hobby.
- En það eru til heimspekingar sem starfa við heimspekina og ekkert annað: t.d. kennarar, rithöfundar, ráðgjafar í heimspeki.
- Þurfum að fá heimspeking í heimsókn til að svara þessu betur, samræðan getur litlu bætt við.

Hvernig er að lifa í fílabEinsturninum? Hvernig líður heimspekingnum þar? (samræða í tíma miðvikudaginn 5. september)

Meðal þess sem var rætt var:

- Hvað er fílabEinsturnur? er það turn úr fílabEini? er þetta líking – já!
- Er hægt að ímynda sér hvernig er að lifa í fílabEinsturninum?
Er það ekki bara spurning um persónulegt álit hvers og eins?
Get ég vitað hvernig það er án þess að prófa það?
- Er það ekki eins og að lifa í einangrun?
 - það er munur á andlegri og líkamlegri einangrun:
Líkamleg einangrun er þegar manneskja er einangruð frá öðrum manneskjum þannig að hún hefur ekki aðgang að þeim, t.d. getur ekki séð, snert eða heyrt í öðru fólki. Maður sem er staddur einn uppi á heiði er líkamlega einangraður frá öðru fólki.
Andleg einangrun er þegar manneskja er ekki í tengslum við aðrar manneskjur þótt þær séu allt í kringum hana. Sá sem talar ekki við aðra getur verið andlega einangraður frá þeim.
- Líf í fílabEinsturninum er einhvers konar andleg einangrun.
- Og hvernig líf er það?
 - ömurlegt! maður er ekki í neinum samskiptum við fólk og það hlýtur að vera erfitt/leiðinlegt → hlýtur að gera mann geðveikan
 - kannski eru til einstaklingar sem þykir gott að vera einangraðir, sem líður illa í of miklum samskiptum við annað fólk. Slíkum einstaklingi gæti ef til vill þótt ógeðslegt að hugsa til þess að verða að lifa „utan fílabEinsturnsins“
- Verður maður geðveikur af einangrun eins og í fílabEinsturninum?

Hvernig er að lifa í fílabEinsturninum? Punktir nemenda í lok tímans:

- Við vorum að læra um fílabEinsturninn og mér fannst maður myndi gerast geðveikur á endanum.
- Við vorum að tala um hvernig væri að lifa í einangrun, s.s. í fílabEinsturninum.
- Það fer eftir hverjum og einum hvort maður vilji vera eða ekki vera í fílabEinsturninum.
- Við vorum að tala um hvernig væri að lifa í fílabEinsturninum.
- Er fílabEinsturninn ekki bara einangrun? Eru þeir sem búa í fílabEinsturninum ekki bara einfarar?
- Við vorum að tala um fílabEinsturninn
- Við töluðum um spurningu sem að mínu mati er ósvaranleg
- Hvað er betra að vera með öðru fólki heldur en ekki.
- Er gott eða slæmt að vera í fílabEinsturninum?
- Hvort að heimspekingur er geðveikur af að sitja í herbergi og vera alltaf einn.

Heimspekingur í heimsókn – spurningar frá nemendum fyrir tímarn 10. október:

- Hvað skilgreinir heimspeking?
- Áttu fjölskyldu?
- Hversu barnaleg/óþroskuð þarf spurning að ver til að vera ekki heimspekileg?
- Er hægt að skipta heimspeki niðrí flokka?
- Við hvað vinna flestir heimspekingar sem kenna ekki?
- Um hvað fjalla bækur heimspekinga?
- Hvað er erfiðasta spurning sem einhver hefur spurt þig?
- Hvað gerir heimspeking að góðum heimspekingi?
- Hvernig ákvaðstu að verða heimspekingur og hvernig þróaðist það uppí kennara og svona? Hvernig náðirðu langt?
- Hvernig er hægt að vera meiri heimspekingur en einhver annar?
- Hefur þú farið í fílabEinsturninn?
- Hvað er kennt í heimspeki annað en saga á bakvið aðra gamla heimspekinga?
- Hvað þarf maður að gera til þess að verða heimspekingur?

Glósur úr heimsókn Ólafs Páls Jónssonar heimspekinga 10. október:

Hvað skilgreinir heimspeking?

- Pýþagóras var fyrstur til að nota orðið **philosopher** (heimspekingur). Orðið er samsétt úr tveimur grískum orðum: philo (elska) og sophia (viska). Þannig að heimspekingur er sá sem elskar visku viskunnar vegna, ekki af hagnýtum ástæðum. Til samanburðar má taka t.d. verkfræðing sem læri stærðfræði og eðlisfræði til að geta nýtt greinarnar í ýmsum framkvæmdum, til að byggja hús, leggja vegi og svo framvegis. Heimspekin er ekki endilega hagnýt, hún er leit að þekkingu þekkingarinnar vegna.
- Heimspekingar hugsa ekki bara, þeir eru líka vel að sér í sögu heimspekinnar. Þeir þurfa til dæmis að þekkja heimspeki Sókratesar, Platóns og Aristótelesar sem voru heimspekingar í Grikklandi fyrir 2500 árum.
- **Sókrates** er fyrirmynd mjög margra heimspekinga – fyrirmyndin að GÓÐUM heimspekingi. Hann var mjög jarðbundinn heimspekingur, svo jarðbundinn að hann var dæmdur til dauða fyrir að spilla æskulýð Aþenu borgar sem ruglandi og spillandi samræðum (að mati þeirra sem dæmdu hann). Sókrates ögraði fólki til að hugsa sjálft. Það var óþægilegt, olli reiði og ruglingi hjá viðmælendum hans. Sjálfur kallaði hann sig t.d. broddflugug og með því átti hann við að hann stingi fólk áfram til að hugsa sjálft. Sókrates sagðist sjálfur ekki búa yfir visku eða þekkingu en bætti við að hann kynni að hjálpa öðrum til að hugsa. Sókrates gat HLUSTAD – það er mjög mikilvægt fyrir heimspeking til að geta hugsað með öðru fólki.
- Heimspekingar þjálfar sig í að hugsa og taka þátt í rökræðu. Heimspekin er líkari því að skrifa bók en að læra bókmenntafræði. Það er ekki hægt að læra heimspeki, það er bara hægt að gera hana (haft eftir einum af heimspekikennurum Háskóla Íslands)
- Heimspeki snýst um að pæla í heiminum og spyrja: Hvað ER þessi heimur sem er til fyrir mér?

Aðferð heimspekinnar:

- að kunna að þekkja góð rök (ekki nóg að vera bara sannfærandi)

Góður heimspekingur:

- notar rök, góð rök
- hlustar
- getur tekið þátt í samræðu við aðra
- notar pælingarnar sínar á hagnýtan hátt? → sumir
- er bara góður í hugsuninni? → sumir, þeir sem festast inni í fílabEinsturninum

FílabEinsturninn:

- er einhvers konar hugarástand
- þægilegur til að fá að hugsa í friði með þeim fáu sem eru að hugsa um nákvæmlega það sama (sérfræðingum)
- er dálítið eins og i-pod: gefur manni frið frá umhverfinu og hjálpar manni að einbeita sér að tilteknu verkefni
- Það er gott fyrir heimspeking að fá að vera stundum í fílabEinsturninum til að melta hlutina